



„Tímarnir breytast og mennirnir með“

Þróun barnavinnu á 20. öld

Aníta Viggósdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Deild menntunar og margbreytileika



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

„Tímarnir breytast og mennirnir með“

Þróun barnavinnu á 20. öld

Aníta Viggósdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Ólöf Garðarsdóttir

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Október 2020

„Tímarnir breytast og mennirnir með“

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í uppeldis- og menntunarfræði við deild menntunar og margbreytileika,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Aníta Viggósdóttir 2020

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Markmið þessarar ritgerðar er að fjalla um barnavinnu samhliða þróun skólamála á 20 öld, muninn á lífi barna í þéttbýli og dreifbýli og borið saman við Norðurlöndin. Ritgerðin ber heitið „Tímarnir breytast og mennirnir með“ sem vísar í þær miklu breytingar sem orðið hafa á Íslensku samfélagi frá upphafi 20. aldar. Hröð þróun frá bændasamfélagi til nútímasamfélags hefur haft í för með sér breytt viðhorf fólks til vinnu barna og hvernig henni er háttað. Lengi vel hafa jákvæð viðhorf í garð vinnu barna tíðkast hér á landi en eðli hennar hefur breyst samhliða þjóðfélagsbreytingum. Langt fram á 20. öld tíðkaðist það að senda börn í sveit á sumrin en með aukinni þéttbýlismyndun og breyting á atvinnulífinu dró úr þeirri hefð. Skólaárið lengdist og krafa til menntunar varð sífelld fyrirferðameiri í lífi barna og ungmenna.

Niðurstöður benda til þess að í kjölfar aukinnar áherslu á menntun, tilkomu barnaverndarlaga og reglugerða um velferð og öryggi barna hafi stjórnvöld sett strangar kröfur á vinnuveitendur sem gerði það að verkum að eðli vinnunnar breyttist.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Töfluskra	5
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Breytingar á Íslensku þjóðfélagi á 20. öld	9
2.1 Nútímavæðing atvinnulífsins.....	9
2.2 Fólkið flytur á mölina.....	10
3 Börn í brennidepli: Lög um barnavernd og skólaskyldu	13
3.1 Barnaverndarlöggjöf.....	13
3.2 Í kjölfar fræðslulaganna 1907.....	15
3.3 Fræðslulöggjöfin 1946.....	16
3.4 Skólastarf Norðurlandanna	17
3.5 Átök um lengingu skólaársins.....	18
4 Barnavinna	21
4.1 Vinna barna á erlendri grundu	22
4.2 Börnin send í sveit	23
4.3 Mikilvægi vinnu barna í þéttbýli	23
4.4 Götulífið – hvað er til ráða?.....	24
5 Að lokum	26
Heimildaskra	27

Töfluskrá

Tafla 1. Yfirlit um mannfjölda í byggðakjörnum með 200 íbúa og fleiri á tímabilinu 1880-1990.	11
---	----

Formáli

Hugmynd mín af þessu verkefni vaknaði þegar ég tók viðtal við afa minn í tengslum við verkefni í námskeiði við Háskóla Íslands. Mér fannst sérstaklega áhugavert hvað hann byrjaði ungur að vinna. Ólöf Garðarsdóttir, leiðbeinandi minn, hafði umsjón með námskeiðinu og leitaði ég fyrst til hennar með þessa hugmynd. Með hjálp hennar náði ég að koma hugmyndum mínum á blað. Ég vil byrja á að þakka henni fyrir þá miklu þolinmæði og hvatningu sem hún hefur sýnt mér síðastliðna mánuði en hún hefur verið mér til taks og er alltaf tilbúin að veita hjálparhönd.

Einnig vil ég þakka foreldrum mínum og sambýlismanni fyrir ómetanlegan stuðning og styrk í gegnum þetta krefjandi ferli og er ég þakklát fyrir alla þá þolinmæði þann skilning sem þau sýndu mér.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 20. september 2020

Aníta Viggósdóttir

1 Inngangur

Frá upphafi Íslandsbyggðar hefur vinnan verið veigamikill þáttur í lífi landsmanna og hefur vinnusemi verið talin eitt af helstu gildum íslensks samfélags. Hraðar þjóðfélagsbreytingar urðu á Íslandi frá lokum 19. aldar og fram á þá 20. Gildi vinnunnar var þó alltaf í hávegum haft og var vinnusemi veigamikill hluti af sjálfsmynd einstaklinga og átti það ekki síst við um börn og ungmenni. Ólíkt því sem tíðkast í dag unnu börn og ungmenni fyrr á tímum oft langa vinnudaga. Þau byrjuðu ung að vinna í sveitinni, hjálpuðu til við heimilisstörf og unnu létt útistörf og tileinkuðu sér þannig hugmyndir um gildi vinnunnar (Guðmundur Hálfðanarson, 1986). Eftir því sem leið á 20. öldina breyttust hugmyndir um mikilvægi vinnu barna, eðli barnavinnunnar breyttist og er það innblástur að heiti þessarar ritgerðar „*Tímarnir breytast og mennirnir með*“. Þetta orðatiltæki vísar í viðhorf til vinnu barna, launaða eða ólaunaða, innan sem utan veggja heimilisins.

Við upphaf 20. aldar bjó meginþorri Íslendinga í sveitum og litlum þorpum víða um landið. Það átti eftir að breytast og þéttbýlismyndunin var mjög hröð á síðustu öld. Við þær breytingar breyttust lífshættir þess fólks sem fluttist á mölina og launavinna færðist með tímanum að mestu leyti út fyrir veggja heimilisins. Lengi vel var þó algengt að börn í þéttbýli væru send í sveit á sumrin til að vinna. Bændur þurftu auka hendur á háannatíðum í landbúnaði. Þá var fiskvinnsla mikilvæg atvinnugrein og mörg ungmenni störfuðu í þeirri atvinnugrein á sumrin. Þessi þörf fyrir vinnuframlag barna og ungmenna eru helsta skýring þess að skólaárið á Íslandi var lengi vel styttra en þekktist á Norðurlöndunum (Ólöf Garðarsdóttir, 1997). Óhjákvæmilegt er að fjalla um vinnu barna og ungmenna án þess að skoða skólagöngu þar sem hún varð eftir því sem leið á 20. öldina æ veigameiri þáttur í daglegu lífi barna. Átök um lengd skólaársins, bæði í þéttbýli og dreifbýli, einkenndi umræðu skólamála 20. aldarinnar og hvernig skólagöngu barna yrði háttað.

Hér er sjónum beint að því hvernig þjóðfélagsbreytingar og aukin áhersla á menntun höfðu áhrif á vinnu barna undir 15 ára aldri og almennt viðhorfi fólks til hennar á 20. öld. Á grundvelli fyrri rannsókna og löggjafar um málefni barna er kannað er hvort og þá hvernig þéttbýlismyndun hafði áhrif á barnavinnu. Lögð er áhersla á tímabilið 1907 til 1990 en á þessu tímabili var skólakerfið á Íslandi í mikilli þróun (Loftur Guttormsson, 2008c). Lögð er áhersla á að skoða hvernig aukin áhersla á menntun hafði áhrif á vinnu barna. Fyrst verður fjallað um almennar þjóðfélagsbreytingar og kannað hvernig nútímavæðing Íslands hafði

áhrif á atvinnulíf Íslendinga á 20. öldinni. Þá er fjallað um fólksfjölgun og þéttbýlismyndun, en þéttbýlismyndunin og fólksflutningar til Reykjavík og annarra sveitarfélaga á suðvestur horni landsins léku mikilvægt hlutverk í þróun skólamála í þéttbýli. Því næst er kafli sem snýr að barnaverndar- og fræðslulöggjöfum sem og um almenna þróun skólstarfs á Íslandi, fræðslulöggjöf og átök skólamanna um lengingu skólaársins. Að lokum er fjallað um barnavinnu í þéttbýli og dreifbýli og hvernig henni var háttað á ólíkum sviðum samfélagsins.

2 Breytingar á Íslensku þjóðfélagi á 20. öld

Íslenskt þjóðfélag hefur tekið miklum breytingum á frá lokum 19. aldar til dagsins í dag. Miklar breytingar hafa orðið á ýmsum sviðum samfélagsins svo sem á efnahagi og tækni, stjórnámálum, búsetu fólks, fjölskyldum og menningu (Helgi Skúli Kjartansson, 2002). Samhliða þessu hafa almennar hugmyndir manna um lífið og tilveruna breyst. Aukin tækifæri og greiðari aðgangur að hinum ýmsu tækjum og tólum nútímans breyttu lífi fólks. Atvinnuhættir breyttust, margs konar tækninýjungar gerðu það að verkum að til urðu fleiri og öðruvísi störf en áður þekktust og þá sérstaklega í þéttbýlinu. Í upphafi 20. aldarinnar bjuggu langflestir Íslendingar í dreifbýli en þegar leið á öldina þá fjölgaði fólki í þéttbýli mjög. Í dag býr meirihluti landsmanna á höfuðborgarsvæðinu en þegar fólk fluttist til Reykjavíkur í stórum stíl varð Reykjavík miðstöð ýmissa samgangna svo sem togaraútgerðar- og saltfiskverkunarverksmiðju (Helgi Skúli Kjartansson, 2002). Samhliða örum þjóðfélagsbreytingum urðu stakkaskipti á almenningsfræðslu og skólinn varð sífelld mikilvægari í lífi barna og ungmenna. Síðustu áratugir aldarinnar einkenndust þannig af vaxandi vitundarvakningu um mikilvægi menntunar fyrir einstaklinga sem og þróun samfélagsins í heild sinni (Loftur Guttormsson, 2008c). Velferð barna og ungmenna varð veigamikil viðfangsefni á 20. öldinni og þegar skóli og menntun varð æ ríkari þáttur í lífi barna þá breyttust viðhorf fólks til vinnu barna. Með barnaverndarlögum og síðar vinnuverndarlögum voru vinnu barna settar skorður en þessi lög voru síðan endurskoðuð nokkrum sinnum á 20. öldinni. Í þessum kafla er fjallað um hvernig atvinnulíf þróaðist á Íslandi í kjölfar svokallaðrar iðnbyltingar og hvernig þéttbýlismyndun þróaðist hér á landi.

2.1 Nútímavæðing atvinnulífsins

Margar þeirra breytinga sem áttu sér stað á Íslandi á síðustu öld urðu á einn eða annan hátt í kjölfar mikilla umskipta í tækniþekkingu. Í hinum vestræna heimi tók vélknúin verksmiðjuframleiðsla við þeim verkefnum sem handtök höfðu áður sinnt og bauð slíkt upp á miklar framfarir í framleiðslu á margvíslegum varningi. Þetta tímabil er almennt þekkt sem iðnbyltingin. Aldamótin 1900 mörkuðu þáttaskil hér á landi þegar iðnbyltingin hélt innreið sína. Þótt verksmiðjur væru ekki undirstaða atvinnulífs hér á Íslandi þá hafði vélvæðing báta og skipa veigamikil áhrif á efnahag og atvinnulíf Íslands (Helgi Skúli Kjartansson, 2002). Iðnbyltingin er almennt talin hafa byrjað í Bretlandi á 18. öld en atvinnulíf á Íslandi var lengi

talið fábreytt í samanburði við nágrannalöndin. Þrátt fyrir að það þætti fornfálegt var það ekki alveg staðnað og það bauð upp á þróun og breytingar (Helgi Skúli Kjartansson, 2002).

Í upphafi 20. aldar þegar þorri Íslendinga bjó í dreifbýli hafði fólk í sveitum framfærslu sína fyrst og fremst af landbúnaði, einkum kvikfjárrækt. Íbúar sjávarþorpanna höfðu sína framfærslu af sjósókn og fiskvinnslu. Langflestir Íslendingar unnu því við frumvinnslugreinar og þjónustustörf voru veigaminni en þekktist síðar á öldinni (Loftur Guttormsson, 2008a). Í fyrstu skipti vélvæðingin ekki höfuðmáli fyrir gang atvinnulífsins á Íslandi en í kjölfar fyrstu bylgju iðnbyltingarinnar fékk íslenskt samfélag að kynnast greiðari samgöngum en með þeim var hægt að flytja ýmsan varning úr landi eins og fisk, hross og sauðfé. Með bættum samgöngum urðu iðnaðarvörur og annar varningur ódýrari og aðgangur að þeim greiðari. Í kjölfar þessa fjölgaði verslunum og því urðu til fjölbreyttari störf, bæði fyrir börn og fullorðna. Atvinnuskipting landsins breyttist því sem leið á öldina og við aldarlok vann stærstur hluti þjóðarinnar við ýmiskonar þjónustustörf. Sú starfsemi fól í sér ýmis konar störf svo sem við verslunar- og hótélrekstur auk starfa við samgöngur og ýmsar opinberar stofnanir eins og heilbrigðisstofnir og skóla. Reykjavík varð, í kjölfar mikilla fólksflutninga, stærsti kaupstaðurinn þar sem mátti finna mesta úrvalið af ýmsum verslunum og fjölbreyttari þjónustu en þekktist á landsbyggðinni (Helgi Skúli Kjartansson, 2002).

2.2 Fólkið flytur á mölina

Sem fyrr segir höfðu þjóðfélagsbreytingar 20. aldar í för með sér mikla fólksfjölgun og þéttbýlismyndun. Þetta má sjá á töflu 1. Frá því um 1820 og fram undir 1870 hafði fólksfjölgun á Íslandi einkum orðið í sveitum. Frá lokum 19. aldar varð fólksfjölgunin aftur á móti helst í þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna (Loftur Guttormsson, 2008a). Við upphaf 20. aldar bjó meginþorri Íslendinga í sveitum og litlum þorpum víða um land og þéttbýlismyndun á Íslandi hófst frekar seint miðað við nágrannalöndin (Ólöf Garðarsdóttir, 2009).

Á töflu 1 má sjá að árið 1880 var hlutfall íbúa sem bjuggu í byggðakjörnum með yfir 200 íbúa 8.1% þjóðarinnar, árið 1940 var það komið í 65% og árið 1990 var það hlutfall komið upp í 90.7%. Árið 1880 voru aðeins 10 þéttbýlisstaðir með yfir 200 íbúa en árið 1990 voru þeir orðnir 67 (Hagstofa Íslands, e.d.). Borgarsamfélagið á Íslandi fór að taka á sig mynd en eitt af því sem einkennir íslenska þéttbýlis- og byggðaþróun er hversu hátt hlutfall þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu. Áður fyrr voru þéttbýlisstaðir margir en smáir og dreifðust þeir nokkuð jafnt yfir alla landshluta en þegar fólk fór að flytja í stórum stíl til

Reykjavík og annarra þéttbýlisstaða var byggðin ekki jafn dreifð og hún hafði verið áður. Þegar íbúum í Reykjavík fjölgaði fækkaði íbúum að sjálfsgöðu hlutfallslega í öðrum landshlutum. Árið 1901 bjó 9.1% þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu en rúmum 80 árum seinna eða árið 1982 þá bjó 44.1% þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1993). Með tímanum fóru barnahópar að minnka en hver kynslóð lifði lengur og því urðu fjölskyldur í þéttbýli fámennari en þær þurftu ekki jafn mikið á barnafjöldanum að halda eins og fjölskyldur fyrri tíma (Helgi Skúli Kjartansson, 2002). Sveitaheimilin voru oftast en ekki mun fjölmennari en heimili í þéttbýlinu vegna þess að í sveitunum var þörf fyrir vinnuafli hjálpa við margs konar störf, bæði heimilisstörf og útvinnu (Guðmundur Hálfðánarson, 1986).

Tafla 1. Yfirlit um mannfjölda í byggðakjörnum með 200 íbúa og fleiri á tímabilinu 1880-1990

	Heildarfjöldi íbúa	Fjöldi byggðakjarna með 200 íbúa og fleiri	Íbúar byggðakjarna með 200 íbúa og fleiri	Hlutfall íbúa í byggðakjörnum með 200 íbúa og fleiri, %
1880	72.646	10	5.900	8,1
1890	70.607	13	8.864	12,6
1900	78.203	23	15.443	19,7
1910	85.221	34	29.606	34,7
1920	94.436	37	42.575	45,1
1930	108.629	43	61.983	57,1
1940	121.579	50	79.042	65,0
1950	144.293	54	109.607	76,0
1960	177.292	55	144.093	81,3
1970	204.578	61	174.668	85,4
1980	229.187	65	202.256	88,2
1990	255.708	67	232.054	90,7

(Hagstofa Íslands, e.d.)

Með tímanum færðist vinnan að verulegu leyti út fyrir vegg heimilisins og mikilvægi þeirrar vinnu sem unnin var á heimilunum hafði minna að segja um efnahag fjölskyldna og þjóðfélagsins alls. Vinna utan heimilis varð meira áberandi með vaxandi fiskiðnaði og með auknum útflutningi á fiski og öðrum varningi mynduðust fleiri störf. Þetta var þó ekki bein afleiðing þéttbýlismyndunar og þessi þróun gerðist ekki á einni nóttu heldur átti hún sér stað yfir langt tímabil (Helgi Skúli Kjartansson, 2002). Hinar árstíðabundnu sveiflur í atvinnulífi Íslendinga, einkum í landbúnaði og fiskvinnslu, kölluðu oft á aukið vinnuafli barna bæði í sveit og bæ (Ólöf Garðarsdóttir, 1997). Ólöf Garðarsdóttir (2009) bætir einnig við að einnig var algengt að drengir fengju vinnu við vegagerðar- og byggingarstörf á sumrin en algengasta starf meðal stúlkna var barnagæsla. Eftir því sem leið á öldina þá urðu hin ýmsu

þjónustustörf eins og verslunar- og veitingastörf bæði fleiri og fjölbreyttari, ekki síst opinber starfsemi í þágu sveitarfélaga og þess háttar (Helgi Skúli Kjartansson, 2002). Þegar vinna utan heimilis fór að vera algengari meðal barna í þéttbýlinu varð meiri vitundarvakning á velferð og öryggi þeirra.

3 Börn í brennidepli: Lög um barnavernd og skólaskyldu

3.1 Barnaverndarlöggjöf

Fyrstu lög um vernd barna á Íslandi tóku gildi árið 1932 (Lög um barnavernd nr. 43/1932). Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þeim gegnum árin og eru núverandi lög frá árinu 2002 (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Eins og nafnið gefur til kynna var hlutverk þessara laga að vernda börn og unglinga. Börn eiga rétt á vernd og umönnun og þau eiga að njóta réttinda sinna í samræmi við aldur og þroska eins og segir í barnaverndarlögum nr. 80 frá 2002. Í Lögum um barnavernd nr. 43 frá 1932 kemur það fram að passa átti að börn væru ekki látin vinna of mikið og þau væru ekki látin vinna erfiðisvinnu. Árið 1947 voru samþykkt ný lög um barnavernd á Alþingi. Samkvæmt þeim lögum var börnum undir 15 ára aldri óheimilt að vinna í verksmiðjum (Lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947).

Á 7. áratugnum var velferð barna, umfjöllun um skólamál og vinnu barna mikið hitamál í íslensku samfélagi. Þeir sem töluðu gegn barnavinnu bentu á lög frá 1947 sem bönnuðu börnum að vinna í verksmiðjum. Engu að síður ynnu börn allt niður í 11 ára í frystihúsum. Ýmsir stjórnáamenn, einkum á vinstri vængnum, töldu að það væri nauðsynlegt að taka á þessu atriði og stytta vinnutíma barna með lögum. Það reyndist þó erfitt vegna þess að bæði börnin og foreldrar þeirra voru á móti því (Ólöf Garðarsdóttir, 2018). Á Alþingi 1964 var lagt fram nýtt lagafrumvarp um barnavernd. Þar var lagt upp með að vinnutími barna yrði styttr og yrði helmingur áratölu/aldurs þeirra. Það þýðir að hámarkstími sem átta ára barn mætti vinna væru fjórir klukkutímar en 16 ára ungmenni mætti vinna átta tíma á dag. Þetta frumvarp var umdeilt en umræður leiddu í ljós að meirihluti Alþingis var ekki tilbúið að gangast inn á við þessi ákvæði þrátt fyrir að bent væri á að þó nokkur börn hefðu látið lífið í vinnu svo sem í vinnu við höfnina og á vélum. Talsmenn atvinnurekenda mótmæltu lagafrumvarpinu á þeim forsendum að aðstæður á Íslandi væru frábrugðnar því sem þekktist í öðrum löndum, hér á landi væri meiri þörf á vinnu barna og ungmenna en annars staðar. Einnig væru dæmi um að foreldrar hefðu kvartað yfir því að börnin þeirra fengju ekki næga vinnu utan þeirra 8 tíma sem þau hefðu nú þegar (Ólöf Garðarsdóttir, 2018). Ólöf Garðarsdóttir (1998; 2018) bendir á það að sumarið 1965 var fréttatilkynning send frá Verkamannafélaginu Dagsbrún sem gagnrýndi það að allt að 200-300 börn höfðu verið ráðin til uppskipunar á höfninni í Reykjavík. Þessi börn voru allt niður í 11 ára. Af umfjöllun í

dagblöðum má sjá að þessi vinna var alls ekki litin neikvæðum augum í ýmsum blaðanna birtust frásagnir af kátum krökkum í vinnunni við höfnina. Þetta sýnir hversu jákvæð viðhorfin til barnavinnu voru hér á landi.

Sem fyrr segir er fjallað um vinnu barna í barnaverndarlögum frá 1932, 1947 og 1966 en ekki í nýrri lögum um barnavernd en nú er fjallað um vinnu barna og ungmenna í vinnuverndarlöggjöf. Hér á landi kom vinnuverndarlöggjöf seint samanborið við nágrannalöndin og af þeirri ástæðu eru ákvæði um vinnu barna einungis í eldri barnaverndarlögum. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46 voru þannig samþykkt árið 1980 og þar er sérstakur kafli helgaður vinnu barna og unglunga. Á vef félagsmálaráðuneytisins í dag má sjá reglugerð um vinnu barna og unglunga. Sú reglugerð tekur tillit til allra einstaklinga í vinnu undir 18 ára aldri. Þar er barn skilgreint sem einstaklingur sem er undir 15 ára aldri eða í skyldunámi. Hugtakið unglingur er skilgreint sem einstaklingur sem hefur náð 15 ára aldri en er ekki orðinn 18 ára og ekki lengur í skyldunámi. Ungmenni er einstaklingur undir 18 ára aldri (Reglugerð um vinnu barna og unglunga nr. 426/1999) Samkvæmt Lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum má ekki ráða börn undir 18 ára í hvaða vinnu sem er. Vinnan verður að vera innan strangra marka og eru þessi takmörk talin upp í kaflanum. Einnig gilda strangar reglur um þann vinnutíma og frítíma sem börn eiga rétt á. Vinnutími unglunga má ekki vera meira en 8 klukkustundir á dag og mest 40 klukkustundir á viku nema í undantekningartilfellum. Þeir skulu fá í það minnsta 12 klukkustundir samfelld í hvíld. (Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980).

Málefni barna rötuðu aftur inn á borð Alþingis vorið 1997. Þá snerist umræðan meðal annars um vinnuverndarlög EES samningsins en aðild Íslands að EES hafði í för með sér að Íslendingar þurftu að endurskoða reglugerðir og lög um vinnu barna. EES samningurinn er alþjóðasamstarf Evrópska efnahagssambandsins og Ísland hefur verið aðili að þessum samningi frá árinu 1994. EES samningurinn gerir Íslandi og öðrum EFTA ríkjum kleift að njóta sameiginlegs efnahagsvæðis og einstaklingum frá viðkomandi ríkjum er einnig frjálst að starfa og sækja sér menntun hvarvetna innan Evrópskra efnahagssambandsins (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Ákvæði um vinnuvernd barna gera ráð fyrir miklu eftirliti með börnum undir 18 ára og vinnu barna undir 16 ára aldri voru settar verulegar skorður (Ólöf Garðarsdóttir, 1998). Þótt viðhorf Íslendinga til vinnu barna og ungmenna sé nokkuð frábrugðin öðrum

löndum innan Evrópusambandsins þá ber íslenskum stjórnvöldum skylda til að fylgja reglum EES samningsins (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

3.2 Í kjölfar fræðslulaganna 1907

Í mörgum vestrænum samfélögum á 19. og 20. öld dró smám saman úr vinnuálagi á börn og ungmenni en á sama tíma var hugað meira að menntun þeirra og skólagöngu. Við upphaf 20. aldar hafði skólaskylda verið komið á í flestum löndum Evrópu. Í kjölfar löggjafar, sem var í gildi í mörgum löndum Evrópu, um skerðingu eða bann á barnavinnu þá varð áherslan á menntun þeirra meiri. Þetta var þó mismunandi milli þjóða (Ólöf Garðarsdóttir, 2009). Á fyrri öldum var skólaganga barna ekki mjög ofarlega í hugum Íslendinga en frá upphafi til enda 20. aldar urðu veigamiklar breytingar á viðhorfi og eðli skólastarfs á Íslandi. Þrátt fyrir að skipulagt skólastarf og skólaskylda hafi ekki orðið að veruleika fyrr en á 20. öld þá fengu sum börn samt sem áður fræðslu frá unga aldri. Fram undir lok 18. aldar fólst menntun Íslendinga aðallega í sjálfmenntun öfugt við það skipulagða skólastarf sem við þekkjum í dag (Loftur Guttormsson, 2008a).

Fræðslulögin sem samþykkt voru frá Alþingi árið 1907 um fræðslu barna mörkuðu tímamót í sögu almenningsfræðslu á Íslandi. Þessi lög tóku gildi 1. júní 1908 og mótuðu þau lagaramma barnafræðslunnar á fyrri hluta 20. aldar. Þessi lög kváðu á um almenna fræðsluskyldu hjá börnum og náði sú skylda yfir aldursbilið 10 – 14 ára. Samkvæmt barnafræðslulögnum áttu öll 10 ára börn að vera sæmilega læs og skrifandi þegar þau hófu skólagöngu sína. Það var skylda samfélagsins að huga að því að við 14 ára aldur gætu öll börn lesið og skilið móðurmálið, skrifað það læsilega auk þess að kunna til kristinfræði, landafræði, almenns reiknings og syngja nokkur einföld sönglög (Loftur Guttormsson, 2008e). Þar sem samskiptaleiðir milli manna og landshluta voru enn fremur erfiðar þá var ekki auðvelt fyrir skólayfirvöld að fylgjast með árangri barna í öllum skólum. Því voru próf haldin einu sinni á ári fyrir öll börn á skólaaldri. Þessi próf fóru fram á vorin og þannig gátu skólayfirvöld betur fylgst með framkvæmd kennslu og árangri barna um allt landið.

Margar tilraunir höfðu verið gerðar til að koma barnafræðslulögum á fót. Ýmis ágreiningsefni voru á lofti en lengi vel var mikil togstreita var á milli heimafræðslusinna og skólafræðslusinna um hvernig skyldi háttá lagarammanum. Að lokum var gerð málamiðlun og hvert byggðarlag hafði frjálssar hendur um það hvernig framkvæmd laganna færi fram. Það var tekið mið af reynslu nágranna okkar í Noregi og Danmörku. Þar kom fljótt í ljós að fast

skólahald í dreifbýli virkaði ekki eins og í þéttbýlinu. Eins og áður sagði voru samgöngur frumstæðar og erfiðar og oft var langt á milli bæja í sveitinni (Loftur Guttormsson, 2008f). Þar af leiðandi voru svokallaðir farskólar algengasta fræðslufyrirkomulagið í sveitum á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar. Farskólar voru lengur við lýði á Íslandi heldur en á hinum Norðurlöndunum. Skipulag þessara farskóla var í flestum tilfellum þannig að farkennari fór á milli staða og kenndi í nokkrar vikur í senn á hverjum stað. Skipulag farskólanna var mismunandi eftir fræðsluumdæmum en hvert þeirra fékk oftast að ráða hvernig skipulaginu væri háttað. Lengd skólaársins í sveitum var aðeins um 2 mánuðir en um 6 – 8 mánuðir í þéttbýlinu (Ólöf Garðarsdóttir, 2018).

Í upphafi 20. aldar var meira en helmingur allra íslenskra barna í farskólum en 1930 var þriðjungur í farskólum og á 6. áratug 20. aldar var talan komin niður í 10%. Það sannaðist í Noregi og Danmörku að byggðaskipan réði miklu um skólahald hvers lands og hvers tíma. Fast skólahald leggur mikið upp úr búsetu, staðsetningu og aðgengi barna að skólum. Þau börn sem bjuggu við frumstæðar samgöngur í dreifbýlinu höfðu ekki kost á því að mæta daglega til skóla og því var farkennsla nokkuð útbreidd í Danmörku og Noregi á 19. öld. Í Danmörku var snemma byrjað á því að leggja áherslu á fast skólahald enda Danmörk þéttbýlli en hin Norðurlöndin. Þar þekktist þó farkennsla langt fram á 19. öld. Noregur nálgast þetta á annan hátt en þar var farkennsla útbreidd fram yfir miðja 19. öldina en um 1890 var þar aðeins minnihluti barna í farkennslu en mörg börn voru í heimavistarskólum. (Loftur Guttormsson, 2008b). Fram að seinni heimsstyrjöld var það vel þekkt að börn í dreifbýli Norðurlandanna færu í skóla annan hvern dag eða aðra hvora viku. Það fyrirkomulag hentaði vel á sveitaheimilum því þá gátu börnin hjálpað til við heimilisrekstur og ýmis störf samhliða því að mennta sig (Ólöf Garðarsdóttir, 2009)

3.3 Fræðslulöggjöfin 1946

Á 4. áratugnum hófust aftur miklar endurbætur á íslensku skólastarfi (Ólöf Garðarsdóttir, 2018). Fræðslulögin 1946 voru sett í kjölfar þeirra miklu breytinga sem orðið höfðu á íslensku samfélagi eftir seinni heimsstyrjöldina. Íslendingar höfðu til að mynda nýlega öðlast sjálfstæði frá Danmörku sem leiddi til margs konar umræðu og vangaveltna í ungu lýðræðissamfélagi. Íslenska ríkisstjórnin velti því mikið fyrir sér hvernig mætti auka möguleika almennings til menntunar og árið 1946 voru samþykkt fræðslulög á Alþingi, sem áttu að samræma skólakerfið. Helstu efnisþættir fræðslulöggjafarinnar 1946 voru aukin

skólaganga yngri barna og nýskipan unglungafræðslu. Einnig átti ríkið að taka meiri þátt í kostnaði skólalagsins og skýrari rammi var settur í kringum skólaskyldu. Með þessum lögum urðu öll börn á aldrinum 7-15 ára að skólaskyld (Hlynur Ómar Björnsson, 2008). Á þessum tíma var aftur gerð tilraun til að lengja skólaárið. Samkvæmt fræðslulöggjöfinni átti skólaár barna í þéttbýli að vera nálægt 9 mánuðum en barna í sveitinni um 7 mánuðir (Ólöf Garðarsdóttir, 2018). Helgi Skúli Kjartansson (2008) bendir á að ekki var farið að starfa samkvæmt þessum lögum strax eftir að þau voru samþykkt frá Alþingi. Hvert skólaumdæmi fékk að segja til um hvenær þau skyldu lengja skólaskylduna og hefja kennslu á unglingastigi. Skilin í Reykjavík voru skarpari en nýju lögin tóku formlega gildi þar í september 1947. Í sveitum var ekki farið að starfa samkvæmt löggjöfinni fyrr en mun síðar (Helgi Skúli Kjartansson, 2008).

3.4 Skólastarf Norðurlandanna

Snemma á 20. öld gerðu Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu, tilraun til að sameina skólakerfi dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta leiddi til mikillar togstreitu milli yfirvalda í bæjum og sveitum en enn var litið á barnavinnu sem nauðsynlega atvinnulífi sveitanna. Breytingar á skólalagði höfðu töluverð áhrif á möguleika barna til vinnu. Í Svíþjóð voru foreldrar barna ekki ánægðir með þessar breytingar þar sem vinna barna var talin nauðsynleg fyrir búrekstur í sveitum. Lengi vel hafði það tíðkast á Norðurlöndunum að eldri börn í dreifbýli færu aðeins í skóla annan hvern dag, en það gaf tíma fyrir bæði vinnu og skóla. Margar fjölskyldur voru því ekki andsnúnar skólagöngu en vildu hafa möguleika á hvoru tveggja (Ólöf Garðarsdóttir, 2009).

Meðal Norðurlandanna hafði Ísland þá sérstöðu að nánast engir barnaskólar voru starfræktir hér á landi um 1870 og fyrsta löggjöfin um skólagöngu barna kom ekki fyrr en með fræðslulögnum 1907. Danmörk, Svíþjóð og Noregur voru fyrri til enda hafði skólamenning skotið rötum sínum snemma í þeim löndum. Í Danmörku var sett fram löggjöf árið 1814 sem hljóðaði svo að þau börn sem ekki nyttu kennslu í heimahúsum væru skyldug til þess að ganga í skóla sem kostaður væri af hinu opinbera. Þar lærðu þau kristinfræði, lestur, skrift og reikning. Svíþjóð og Noregur fylgdu svo fast á eftir og var almenn löggjöf um barnaskóla gefin út í Svíþjóð árið 1942 og í Noregi árið 1860. Þessi lönd sáu til þess að börn nyttu fræðslu foreldrum þeirra að kostnaðarlausu. Skólar höfðu verið til í þessum löndum áður en þessi löggjöf var samþykkt svo þetta varð ekki mikil breyting fyrir almenning. Skólum

hafði nefnilega verið komið á fót í þessum löndum í kjölfar siðaskiptanna um miðbik 16. aldar (Loftur Guttormsson, 2008a).

Á seinni hluta 20. aldar höfðu viðhorf manna til barnafræðslu breyst á Norðurlöndunum. Minni munur var á skólum í dreif- og þéttbýli en áður og nú ríktu þau viðhorf að skólagangan væri það mikilvægasta í lífi barna. Á Íslandi var munurinn enn til staðar og skólamenn börðust við að reyna að lengja skólaárið en án árangurs. En eins og komið hefur fram gerðist það ekki fyrr en seinna hér á landi þar sem munur á skólaárinu í dreif- og þéttbýli var mun meiri hér en þekktist í nágrennalöndunum.

3.5 Átök um lengingu skólaársins

Á Íslandi var lengd skólaársins hitamál í umræðum um skóla og vinnu á 20. öldinni. Reglulega voru heitar þjóðfélagsumræður um lengd skólaársins og skiptar skoðanir voru um það mál. Fyrst um sinn var sjónum beint að dreifbýlinu en þar var skólaárið töluvert styttra en í Reykjavík og í sveitum þótti ekki vera möguleiki á því að lengja skólaárið (Ólög Garðarsdóttir, 2018). Í upphafi skólaskyldu var skólinn rekinn í samræmi við þarfir landsins, skólaárið var stutt og frí voru löng. Skólaskyldan náði þá einungis til barna á aldrinum 10 – 14 ára og mikill munur var á lengd skólaársins milli sveita og bæja langt fram á 20. öld (Ólög Garðarsdóttir, 2009). Ólög bendir á að árstíðabundnar sveiflur atvinnuþarfarins hafa gert það að verkum að oft varð gríðarlegamikil þörf á auknu vinnuafli og því þurftu vinnuveitendur á börnunum að halda (Ólög Garðarsdóttir, 2009).

Lengi var sterk hefð fyrir því að senda börn í sveit á sumrin og á þriðja áratugnum þótti ekki mögulegt að lengja skólaárið vegna þess að fjölmörg skólabörn voru send til vinnu í sveitum yfir sumartímann. Þau voru farin í byrjun maí þegar sauðburðurinn hófst og sneru ekki aftur heim fyrr en að réttum loknum (Ólög Garðarsdóttir, 2018). Á meðan fólk í þéttbýli átti enn ættingja í sveitum og jákvæð viðhorf gagnvart barnavinnu voru allsráðandi þótti ástæðulaust að lengja skólaárið (Ólög Garðarsdóttir, 2009).

Árin 1926 og 1936 voru sett fræðslulög sem tóku við af lögum 1907. Meginatriði laganna 1926 var að þrátt fyrir efnahagsþrengingar eftirstríðsáranna þá skyldu lögin frá 1907 ekki falla úr gildi. Þá var þróun hafin sem samþykkt var með löggjöfinni 1936 um að nú þyrfti svið skólaskyldunnar að breytast og yngri börn en 10 ára fengju að fara í skóla. Lögin 1926 heimiluðu bæjarfélögum að lækka fræðsluskyldudurinn og voru þau staðfest árið 1936

Þegar skólaskyldan var lækkuð niður í 7 ára aldur, nema í farskólum (Loftur Guttormsson, 2008d). Á fjórða áratugnum var skólaárið á Íslandi þar síðan almennt um 12 vikur eða 3 mánuðir. Skólaárið í kaupstöðum náði almennt 6 mánuðum (Ólöf Garðarsdóttir, 2009). Íslenskt skólaár var umtalsvert styttra en á hinum Norðurlöndunum og þá sérstaklega fyrir börn 10 ára og eldri. Þeirra skólaár var styttra en hjá yngri börnum. Þetta fyrirkomulag kom í kjölfar þess að vinnuveitendur þurftu á eldri krökkunum að halda á sumrin vegna þeirra árstíðabundnu sveiflna sem kröfðust auka vinnuafis á sumrin (Ólöf Garðarsdóttir, 2018). Í Reykjavík voru skörp skil á milli eldri og yngri barna þegar kom að lengd skólaársins. Börn yngri en 10 ára í Reykjavík áttu að mæta í skóla í rúmar 33 vikur á ári en börn eldri en 10 ára byrjuðu ekki fyrr en í lok september og skólaárinu þeirra lauk í byrjun maí og var í kringum 24 vikur. Þrátt fyrir að skólaárið í bæjum væri lengri en í sveitum þá var það samt töluvert styttra en á hinum Norðurlöndunum (Ólöf Garðarsdóttir, 2009).

Samkvæmt fræðslulöggjöfinni 1946 átti skólaár barna í þéttbýli að vera nær 9 mánuðir en í dreifbýli um 7 mánuðir. Það reyndist þó erfiðara að fylgja því eftir en vonir stóðu til en sveitarfélög gátu sótt um undanþágu frá nýju lögunum. Raunin var sú að skólaár í dreifbýli náði sjaldnast 7 mánuðum og skólaárið í þéttbýli hélt áfram að vera aldurskipt langt fram á 7. áratuginn eða til ársins 1964 (Ólöf Garðarsdóttir, 2018). Skólamenn á 7. áratugnum töldu að þetta stutta skólaár hefði neikvæð áhrif á menntun barna og að þau næðu ekki tilsettum árangri í skóla. Einnig voru áhyggjur af þeirri staðreynd að íslensk æska hefði ekki mikinn tíma til tómstunda en þó voru börn og foreldrar þeirra sammála því að óhagkvæmt væri að lengja skólaárið, mörgum fannst það of langt eins og það var (Ólöf Garðarsdóttir, 2018). Þrátt fyrir að það drægi ekki úr jákvæðum viðhorfum gagnvart barnavinnu þá jókst áhugi margra á endurskoðun barna- og ungmennafræðslunnar á 7. áratugnum. Á þeim tíma voru fræðslulögin frá 1946 komin í framkvæmd í flestum skólaumdæmum og farskólar nánast að leggjast af. Árið 1964 var ákveðið að skólaárið í grunnskólum í Reykjavík yrði 9 mánuðir þ.e. frá byrjun september til maíloka og þá líka hjá eldri börnum. Þessi breyting var ekki vinsæl meðal barna og foreldra þeirra. Börn sem fóru að jafnaði í sveitina voru ekki ánægð, þau neyddust til að yfirgefa hana áður en kindurnar voru sóttar á fjall og komu síðan ekki aftur fyrr en að sauðburði loknum (Ólöf Garðarsdóttir, 2009).

Árið 1974 voru sett ný fræðslulög um skólakerfið og árið 1985 var skólaskyldan orðin 9 ár og árið 1990 10 ár. Nú til dags er bæði skólaskylda og lengd skólaárs eins á öllu landinu.

Skólaskyldan í dag er tíu ár og eru börn á aldrinum 6 – 16 ára skólaskyld. Starfsdagar nemenda á ári hverju eiga ekki að vera færri en 180 dagar en lengd hvers skóladags fer eftir skólastigi og aldri barna (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Nú til dags er nám stór hluti af lífi flestra barna og hefur það forgang í daglegu lífi þeirra. Skólinn hefst í lok ágúst og endar í byrjun júní.

4 Barnavinna

Barnavinna hefur lengi tíðkast um allan heim. Þrátt fyrir tilkomu skólaskyldu og aukna áherslu á menntun var vinnan, í flestum Evrópulöndum, enn veigamikill hluti í lífi margra barna og ungmenna nokkuð fram eftir 20. öldinni (Ólöf Garðarsdóttir, 1997). Með þeim þjóðfélagsbreytingum sem urðu á Íslandi á 20. öld breyttust hugmyndir manna smám saman um hin ýmsu þjóðfélagsmál. Þrátt fyrir að miklar framfarir yrðu í tækni og þekkingu á 20. öld þá voru frumatvinnugreinar eins og landbúnaður og sjávarútvegur lengi undirstaða atvinnulífsins á Íslandi. En nútímavæðingin bauð upp á fleiri og fjölbreyttari störf fyrir börn og ungmenni og því varð þörfin fyrir þau meiri (Ólöf Garðarsdóttir, 2009).

Ein þessara breytinga var viðhorf fólks til barnavinnu en í gegnum tíðina höfðu börn stundað vinnu frá unga aldri og gegnt veigamiklu hlutverki innan sem utan heimilis. Guðmundur Hálfðánarson (1986) rannsakaði hvernig barnavinnan hafði efnahags- og uppeldislegt gildi við lok 19. aldar. Það er gott að hafa í huga að tíðarandinn var allt annar þá en í dag og viðhorf í samfélaginu í samræmi við það. Á þeim tíma var talið að börn lærðu að bera ábyrgð og kynnu að meta gildi vinnunnar. Samfélagið snerist um vinnu og vinnusemi var í hávegum höfð. Börn lærðu snemma að vinna og var vinnuframlag þeirra vel þegið fyrir efnahag heimila. Þá var uppeldisgildi vinnunnar ekki síður mikilvægt. Guðmundur komst að þeirri niðurstöðu að börnum hefði ekki beinlínis verið þrælað út heldur hafi yfirleitt verið leitast við að finna þeim störf við hæfi (Guðmundur Hálfðánarson, 1986).

Hugmyndir manna um barnavinnu samræmast ekki viðhorfum nútímans um það hvernig barnæskan á að vera. Eðli vinnu barna hefur breyst í gegnum tíðina og þótt það sé algengt að íslensk ungmenni vinni með námi nú til dags er sú vinna með öðrum hætti en þekktist áður fyrr. Margrét Einarsdóttir (2010) greindi í rannsókn sinni frá ýmsum ástæðum fyrir því hvers vegna íslensk ungmenni vinna með skóla. Margrét leitaðist við að ná fram sjónarhorni ungmennanna sjálfra í rannsókn sinni. Börn og ungmenni á aldrinum 13 – 17 ára tóku þátt í þessari rannsókn, veturinn 2007 – 2008. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að meginástæður þess að ungmenni kjósi almennt að vinna með skóla séu þær að þau vilji afla sér tekna, ná sér í auka pening en einnig sækjast þau í þann félagsskap sem vinnan býður upp á og jafnframt aukið sjálfstæði. Rannsókn Margrétar sýndi einnig að flestir þátttakendur notuðu aukatekjurnar sem vasapening en ekki í brýnar nauðsynjar. Ef sams konar rannsókn hefði verið gerð hundrað árum fyrr þá hefðu niðurstöðurnar væntanlega orðið aðrar.

4.1 Vinna barna á erlendri grundu

Vinna barna einskorðast ekki einungis við íslenskt samfélag en hún hefur tíðkast í mörgum löndum um allan heim. Í mörgum iðnvæddum löndum 18. og 19. aldar unnu börn oft langa og erfiða vinnudaga í verksmiðjum. Þrátt fyrir að þetta hafi tíðkast í löndum eins og Bretlandi þá átti þetta ekki við öll lönd. Börn voru ekki einungis látin vinna í verksmiðjum og jafnvel í iðnvæddustu löndum heimsins var mun almennara að börn ynnu við sveita- og þjónustustörf en í verksmiðjum. Það verður að hafa það í huga að menning og hugmyndir manna eru ólík á milli landa og milli svæða en sögur landa eru eins mismunandi og löndin eru mörg (Lieten og van Nederveen Meerkerk, 2011). Á 20. öld varð orðræðan í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð að öllu jöfnu neikvæð gagnvart vinnu barna. Þar var algengast að börn hjálpuðu til við heimilisstörf og almenna sveitavinnu. Ísland var frábrugðið nágrannalöndunum að þessu leyti því almenn viðhorf til vinnu barna og ungmenna var almennt jákvæð hér á landi (Coninck-Smith, Sandin, og Schrumpf, 1997). Coninck-Smith o.fl. (1997) telja að ástæðan fyrir þessu sé sú að nútímavæðing Íslands gekk mun hægar fyrir sig en gerðist í hinum löndunum og auk þess hafi Ísland treyst lengi vel á árstíðabundna atvinnulífið til að mynda fiskvinnslu og landbúnað.

Undir lok 19. aldar urðu breytingar á viðhorfi Norðurlandabúa til barnavinnu. Hún var mjög umdeild meðal skólamanna og sumir þeirra héldu því fram að mikil vinna hefði slæm áhrif á sálarlíf barna og að þau ættu frekar að einbeita sér að skólanum og öllu því sem honum fylgdi. Í Svíþjóð var velferð barna mikið hitamál og árið 1881 voru lög samþykkt um vinnuvernd barna og ungmenna. Börnum undir 12 ára var ekki heimilað að vinna í verksmiðjum og einnig var hámarksvinnutími barna stytur (Sandin, 1997). Álíka breytingar voru í bígerð í Noregi og Danmörku. Í Noregi var börnum undir 12 ára óheimilt að vinna í verksmiðjum árið 1892 og vinna barna á aldrinum 12 til 18 ára þyrfti að vera undir eftirliti (Schrumpf, 1997). Í Danmörku var það síðan ekki fyrr en árið 1901 sem 12 ára börn máttu ekki vinna í verksmiðjum en frá árinu 1873 höfðu slík lög náð til barna undir 10 ára aldri (Coninck-Smith, 1997). Sem fyrr segir komu lagaákvæði um öryggi barna á vinnustöðum töluvert seinna fram á Íslandi eða með barnaverndarlögunum 1932. Það var svo ekki fyrr en árið 1947 sem börnum undir 15 ára var óheimilað að vinna í verksmiðjum (barnaverndarlög nr. 29/1947). Við lok 20. aldar var Ísland með hæstu atvinnuþátttöku ungmenna af öllum

Norðurlöndunum (Guðný Björk Eydal, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Einarsdóttir, 2009)

4.2 Börnin send í sveit

Vinna barna í bændasamfélagi fyrri alda virðist ekki vera frábrugðin því sem þekktist hér á landi á fyrri hluta 20. aldar. Börn í sveit unnu oft langa vinnudaga frá unga aldri og oft voru fyrstu störf þeirra að hjálpa til við heimilisstörf og ýmiss konar útiverk á bænum. Fyrsta ábyrgðarstarf barna á aldrinum 6 – 9 ára var í flestum tilvikum að sitja yfir ánum nokkrar nætur á vorin. Vinnan í sveitum fylgdi ákveðinni hringrás, hver árstíð einkenndist af ákveðnum störfum. Sauðburður á vorin, hjáseta og heyvinna á sumrin, ullarvinna á haustin og fjármennska á veturna (Guðmundur Hálfðanarson, 1986). Það gefur augaleið að mesta vinnan fór fram á sumrin og því var þörfin fyrir vinnuframlag barna mest þá. Algengast var að börnin ynnu við hjásetu og smalamennsku eftir sauðburðinn. Oft sátu þau yfir ánum kvölds og morgna frá 8 ára aldri og allt fram að fermingu (Guðmundur Hálfðanarson, 1986). Algengasta starf barna í sjávarþorpum í upphafi 20. aldar var fiskvinna. Þau tóku þátt í þeim iðnaði frá unga aldri.

Þrátt fyrir öra þéttbýlismyndun hér á landi í upphafi 20. aldar var samband milli íbúa í dreifbýli og þéttbýli enn sterkt. Margir áttu ættingja í sveitum og tíðkaðist það lengi að senda börn í sveit til ættingja og kunningja að sumri til. Mörg börn sem bjuggu í þéttbýli eyddu öllu sumarfríinu sínu í sveitum. Þetta er mögulega helsta ástæðan fyrir því hvers vegna skólaárið á Íslandi var styttra en í öðrum löndum. Sem fyrr segir fóru börn, 10 ára og eldri, oft í sveitina í byrjun maí þegar sauðburðurinn hófst og sneru ekki aftur fyrr en eftir réttir. Algengast voru þetta börn á aldrinum 10 – 13 ára en eldri börn og ungmenni áttu betri möguleika á því að finna betri vinnu í þéttbýlinu (Ólöf Garðarsdóttir, 1998).

4.3 Mikilvægi vinnu barna í þéttbýli

Vorið 1962 gerðu skólayfirvöld Reykjavíkur rannsókn á vinnu barna. Úrtak rannsóknarinnar voru börn á aldrinum 12 – 14 ára og var meginmarkmið hennar að meta þörfina á vinnu fyrir þessa aldurshópa. Rannsakendur spáðu því að þjóðfélagsbreytingar myndu á endanum gera börnum erfitt fyrir að finna vinnu yfir sumartímann og því væri eina langtíma lausnin við þessu vandamáli að lengja skólaárið. Þegar þessi rannsókn var gerð var skólaárið á Íslandi mun styttra en þekktist í öðrum nágrennalöndum (Ólöf Garðarsdóttir, 2009). Niðurstöður

rannsóknarinnar leiddu það í ljós að aðeins 2.3 % þeirra barna sem rannsóknin náði til höfðu ekki haft vinnu yfir sumarið árið áður. Flest barnanna byrjuðu að vinna strax eftir að skóla lauk á vorin og hættu ekki fyrr en skólinn hófst á ný að hausti. 67% þessara barna unnu 8 tíma eða lengur á dag (Ólög Garðarsdóttir, 2009).

Í þéttbýli voru tækifæri barna til vinnu talsvert fleiri en tíðkaðist í sveitunum. Þar stóð börnum meðal annars til boða að vinna við ýmiss konar verslunarstörf, við blaðaútburð, fiskvinnslu, sendlastörf eða barnagæslu (Guðmundur Hálfðanarson, 1986). Langt fram eftir 20. öldinni var algengt að nemendur í efri bekkjum barnaskólans og í gagnfræðadeildum ynnu við fiskvinnslu. Í greininni „Working children in urban Iceland 1930-1990. Ideology of work, work-schools and gender relations in modern Iceland“ greinir Ólög Garðarsdóttir (1997) frá bréfi sem vinnuveitendur í frystihúsum sendu til skólayfirvalda í Reykjavík í september 1958 þar sem þeir fóru þess á leit að skólaárinu í gagnfræðaskólum borgarinnar yrði frestað en drjúgur hluti þeirra sem unnu í frystihúsum voru ungmenni á skólaskyldualdri. Rökstuðningurinn var einnig byggður á því að hefð væri fyrir því að víða um land að börn fengju slíka undanþágu frá skólasókn. Þetta bréf var rætt í Skólaráði Reykjavíkur og var niðurstaðan sú að þrátt fyrir að þau skildu þörfina á auknu vinnuafli þá væri varla hægt að stytta skólagöngu heilu árganganna vegna þessa. Í svari fræðslufirvalda til útgerðarfyrirtækjanna var skólastjórum gefið umboð til að gefa þeim nemendum sem unnu í sjávarútvegi tímabundið leyfi frá skóla. Þessi málsmeðferð er skýr vísbending um mikilvægi vinnuframlags skólabarna.

4.4 Götulífið – hvað er til ráða?

Þegar þéttbýli byrjaði að myndast á Íslandi og skilin milli bæja og sveita urðu skarpari komu upp áður óþekkt vandamál. Iðjulaus börn flæktust um göturnar og oftast ekki komu þau sér í klandur. Þetta „ástand“ sem myndaðist á götum borgarinnar var oft á milli tannana á fólki, sérstaklega á millistríðsárunum. Flestir íbúar þess tíma voru sammála um það að sveitin væri þroskavænlegri staður fyrir börn og ungmenni heldur en götur þéttbýlisins. Það var talið að „götulífið“ gæti ýtt undir óæskilega hegðun hjá ungu fólki. Börn voru ekki lengi í skólanum yfir daginn og þau börn sem ekki unnu með skólanum þurftu að hafa eitthvað fyrir stafni. Tólmstundir og félagsleg umgjörð var af skörnum skammti. Reynt var að leysa þetta vandamál með leikvöllum og dagvistun fyrir yngri börnin en vinnuskólarnir fyrir þau eldri

voru þó helsta tæki borgarinnar til að spyrna á móti þessari þróun (Loftur Guttormsson, 2008b).

Í heimskreppunni miklu 1930 og árin á eftir voru miklar áhyggjur af vinnu barna og atvinnuleysi þeirra á sumrin. Árin 1937 og 1938 var gerð tilraun með stofnun vinnuskóla til þess koma í veg fyrir götulífið svokallaða og kenna börnum inntak og gildi vinnu. Eftir seinni heimsstyrjöldina blómstraði efnahagur Íslands og atvinnuleysi minnkaði. Árið 1948 komust vinnuskólarnir þó aftur á skrið og voru þá ætlaðir börnum á aldrinum 13-15 ára. Reglugerðir um vinnuskólana voru komnar árið 1951 og hafa verið í þróun síðan þá (Ólöf Garðarsdóttir, 1997; Guðný B. Eydal, Guðbjörg L. Rafnsdóttir og Margrét Einarsdóttir, 2009). Vinnuskólarnir mynduðu mikilvægt félagsnet fyrir börn og ungmenni borgarinnar og þau börn sem ekki fengu vinnu á almenna vinnumarkaði sóttu um vinnu þar. Vinnuskólar höfðu bæði efnahagslegt- og samfélagslegt gildi en þeir áttu að koma til móts við yfirvofandi efnahagslægð og talið var að þeir myndu skapa jákvæð viðhorf til vinnu. Aðeins hluti barna á vinnumarkaðnum sóttu vinnuskólana en það voru aðallega þau börn sem ekki fengu vinnu að sumri til annars staðar. Fyrir seinni heimsstyrjöld var næga vinnu að fá á sumrin og þess vegna var sókn í vinnuskólana ekki eins mikil þá eins og hún varð síðar. Sókn í vinnuskólana var stöðug til ársins 1967 (Guðný B. Eydal, Guðbjörg L. Rafnsdóttir og Margrét Einarsdóttir, 2009). Eftir það jókst hún vegna niðursveiflu í efnahag Íslands og þegar minni vinnu var að fá á almennum vinnumarkaði. Nú til dags vinna flestir unglingar í vinnuskólunum, bæði strákar og stelpur. Þegar yfirvöld settu þessa vinnuskóla á laggirnar voru þeir ekki ætlaðir stelpum. Það var ekki gert ráð fyrir því að stelpur myndu taka þátt en þær sýndu vinnuskólunum strax áhuga og frá árinu 1948 fengu þær að vera þar með. (Ólöf Garðarsdóttir, 1998)

5 Að lokum

Svo virðist vera að lenging skólaársins, þjóðfélagsbreytingar og hertar reglur um vinnu hafi haft áhrif á það hvernig eðli barnavinnu hefur þróast á Íslandi. Við upphaf 20. aldar lá mikilvægi vinnunnar í því að halda uppi heimilinu í sveitinni og aðstoða bændur við sauðfjárbúskap og annað. Þegar þéttbýli fór að myndast voru börnin send í sveit en með aukinni þéttbýlismyndun dró úr möguleikum foreldra að senda börn í sveit á sumrin þar sem einungis lítill hluti landsmanna bjó í sveitum við lok aldarinnar. Með því að skoða aukna sókn í vinnuskólana eftir því sem leið á öldina má sjá að færri börn voru send í sveitina. Umskipti í tækniþekkingu og auknir atvinnumöguleikar breyttu eðli barnavinnu. Þjónustustörf urðu veigameiri þáttur í samfélaginu en áður tíðkaðist og vinnan færðist smám saman út fyrir vegg heimilisins. Með tilkomu barnaverndar- og vinnuverndarlaga varð velferð og vernd barna meira áberandi og því voru tækifæri barna til vinnu ekki þau sömu og áður hafði verið. Ólíklegt væri að sjá 11 ára barn við störf á höfninni nú til dags eða 13 ára barn í frystihúsi. Stakkaskipti urðu á almenningsfræðslu samhliða þessari þróun og lenging skólaársins og aukin krafa um menntun barna og ungmennaleiddi til þess að þau höfðu styttri tíma á sumrin til að vinna.

Til að skilja af hverju íslenskt samfélag er eins og það er í dag er mikilvægt að skoða hvernig það var áður fyrr. Oft heyrum við eldra fólk tala um hversu mikill barnaleikur vinna unglunga sé almennt í dag og hversu mikið börn þurftu að vinna þegar þau sjálf voru ung. Oft gleymist þó að börn nú til dags hafa meiri möguleika á tómstundum og öðrum athöfnum eftir skóla til að mynda heimanám, tónlistanám og íþróttir. Börn nútímans eru ekki eins löt og eldri kynslóðin vill oft meina heldur eyða þau tíma sínum á annan hátt en börn gerðu hér áður fyrr. Mikilvægt er að skoða hvernig þessi þróun hefur verið og hvað hafði áhrif á hana. Ef við rýnum vel í það þá öðlumst við meiri og betri skilning á þeim miklu breytingum sem hafa átt sér stað. Viðhorf fólks til vinnu barna breyttust mikið gegnum áratugina og þau eru sannarlega gjörólík í dag heldur en þau voru fyrir 100 árum. Það er ekki sama hvert við lítum og þarf maður að hafa alls kyns hluti í huga þegar horft er til fortíðar, tíðarandinn var allt annar en við þekkjum hann í dag og því á orðatiltækið „tímarnir breytast og mennirnir með“ vel við hér.

Heimildaskrá

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Coninck-Smith, N., Sandin, B. og Schrumpf, E. (1997). Introduction. Í Coninck-Smith, N., Sandin, B. og Schrumpf, E. (ritstjórar), *Industrious children. Work and childhood in the Nordic countries*. (bls. 7–15). Odense: Odense university press.

Coninck-Smith, N. (1997). The struggle for the child's time – at all times. School and children's work in town and country in Denmark from 1900 to the 1960s. Í Coninck-Smith, N., Sandin, B. og Schrumpf, E. (ritstjórar), *Industrious children. Work and childhood in the Nordic countries*. (bls. 129–159). Odense: Odense university press.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1993). Fólksfjölda- og byggðaðaþróun 1880-1990. Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstjórar), *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990* (bls. 75-111). Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands

Guðmundur Hálfðanarson. (1986). Börn. Höfuðstóll fátæklingsins? *Saga* 24(1), 121-146.

Guðný Björk Eydal, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Einarsdóttir. (2009). Working children in Iceland: policy and the labour market. *Barn*, (3–4). 187–203.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Yfirlit um mannfjölda í byggðakjörnum og strjálbýli 1880-2018.

Árslokatalur. Sótt af

http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Sogulegar/Sogulegar__sogul_mannfjoldi/SOG01011.px/table/tableViewLayout1/?rxid=0c3960ab-a0df-461b-856b-3f4d74c6018d

Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Fræðslulögin í framkvæmd. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi, skóli fyrir alla 1947–2007* (bls. 44–63). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helgi Skúli Kjartansson. (2002). *Ísland á 20. öld*. Reykjavík: Sögufélag

Hlynur Ómar Björnsson. (2008). Tímamótin 1946: alhliða átak. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi, Skóli fyrir alla 1947–2007* (bls. 24–40). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lieten, K. og van Nederveen Meerkerk, E. N. (2011). Child labours's global past, 1650–2000: an introduction. Í Lieten, K. og van Nederveen Meerkerk, E. (ritstjórar), *Child labours's global past, 1650–2000* (bls. 11–34). Bern: Peter Lang

Loftur Guttormsson. (2008a). Fræðslu hefðin: kirkjuleg heimfræðsla. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 21–35). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Loftur Guttormsson. (2008b). Heimili og skóli. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 284–293). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Loftur Guttormsson. (2008c). Inngangur. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 11–17). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Loftur Guttormsson. (2008d). Lagagrunnur og framkvæmdir 1926 – 1945. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 108–117). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Loftur Guttormsson. (2008e). Tímamótin 1907. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 75–89). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008f). Þjóðfélagsbreytingar og menntamál. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 38–49). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.
- Lög um barnavernd nr. 43/1932.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947.
- Margrét Einarsdóttir. (2010). Hvers vegna vinna íslensk ungmenni með skóla? Í Helga Ólafsdóttir og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, (bls. 172–182). Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/6846/1/172-182_%20Margr%a9t%20Einarsd%b3ttir_FELMANbok.pdf
- Ólöf Garðarsdóttir. (1998). Kyn og saga -barn og saga: Kynferði og mikilvægi vinnunnar í heimi reykvískra barna og unglunga 1950-1990. Í Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Ritstjórar), *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997, ráðstefnurit II* (bls. 240–251). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2018). Sheep, fish and school: arenas of childhood in the lives of Icelandic children, 1900–1970. Í Aasgaard, R., Bunge, M. og Roos, M. (ritstjórar), *Nordic childhoods 1700–1960. From folk beliefs to Pippi Longstocking* (175–87). New York: Routledge.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2009). Working and going to school. Childhood experiences in post-war Reykjavík. *Barn* (3–4). 173–185

Ólöf Garðarsdóttir. (1997). Working children in urban Iceland 1930-1990. Ideology of work, work-schools and gender relations in modern Iceland. Í Coninck-Smith, N., Sandin, B. og Schrumpf, E. (ritstjórar), *Industrious children. Work and childhood in the Nordic countries*. (bls. 160–185). Odense: Odense university press.

Reglugerð um vinnu barna og unglunga nr. 426/1999

Sandin, B. (1997). In the large factory town. Child labour legislation, child labour and school compulsion. Í Coninck-Smith, N., Sandin, B. og Schrumpf, E. (ritstjórar), *Industrious children. Work and childhood in the Nordic countries*. (bls. 17–46). Odense: Odense university press.

Schrumpf, E. (1997). From full time to part time: working children in Norway from the nineteenth to the twentieth century. Í Coninck-Smith, N., Sandin, B. og Schrumpf, E. (ritstjórar), *Industrious children. Work and childhood in the Nordic countries*. (bls. 47–78). Odense: Odense university press.

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið - almennt. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/evropusamvinna/ees-upplýsingaveitan/almennt-um-ees-samninginn/>